



Gleðilegt ár og þakkir fyrir það liðna

Gott ár að baki.

Á árinu sem er að líða hafa nítján börn, stúlkur og drengir frá Tékklandi, Kólumbíu, Kína og Indlandi eignast íslenskar fjölskyldur með milligöngu Íslenskrar ættleiðingar. Það er gleðilegt og þessum börnum og fjölskyldum þeirra er óskað innilega til hamingju.

Á nýliðnu ári voru meira en eitt hundrað fjölskyldur á biðlistum hjá félaginu eftir barni erlendis frá og það er ánægjulegt að svo mörgum börnum bíður hér öruggt skjól þar sem þeim gefst tækifæri á að alast upp innan fjölskyldu, við hamingju, ást og skilning.

Íslensk ættleiðing gegnir ekki einungis því göfuga hlutverki að sameina fjölskyldur með því að

hafa milligöngu um ættleiðingar erlendis frá. Félaginu er ætlað að vinna að jöfnum rétti allra burt séð frá uppruna, það á að vinna að velferð og réttindamálum kjörfjölskyldna, það skal auka þekkingu og skilning samfélagsins og stjórnvalda á ættleiðingu og kostum hennar fyrir börn og kjörfjölskyldur og félagið á að standa að fræðslu og aðstoða yfirgefni börn og þau börn sem búa við erfiðar aðstæður í heimalandi sínu.

Börnin sem komu til okkar voru 11 drengir og 8 stúlkur. Eitt barn kom frá Indlandi, tvö frá Kólumbíu, tvö frá Tékklandi en eins og undanfarin ár eru langflest börn ættleidd frá Kína eða fjórtán talsins og er það

athyglisvert í ljósi endurtekinnar umræðu um að Kína hafi lokað fyrir ættleiðingar.

Börnin sem ættleidd voru á árinu eru fædd árin 2007 til 2010. Flest eru fædd árið 2010 eða tíu talsins, sex fæddust árið 2009, tvö árið 2008 og eitt árið 2007. Þetta er í samræmi við það sem átt hefur sér stað undanfarin ár. Börn sem ættleidd eru til landsins eru að jafnaði fremur ung.

Jafnframt verður að geta þess að á árinu var gerður ættleiðingarsamningur við nýtt ríki, en í febrúar fékk ÍÆ löggildingu til að hafa milligöngu um ættleiðingar frá Tógó. Þar bíða nú fjórar umsóknir eftir afgreiðslu.